

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík 26. maí 2015
UST201504-086/K.S.J.
10.04.02

Efni:Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, vegna nýs kirkjugarðs.


Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar lýsingar nýs kirkjugarðs í Reykjavík. Fram kemur í greinargerð að þau svæði sem eru til skoðunar fyrir nýjan kirkjugarð eru Hamrahlíðarlönd við Úlfarsfell, Geldinganes og önnur opin svæði á Úlfarfellssvæðinu.


Náttúruminjar

Umhverfisstofnun minnir á að að Eiðinu er liggur út í Geldinganes er svæði nr. 130 á náttúruminjaskrá, Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. Í skránni segir um svæðið: „Úlfarsá frá upptökum í Hafavatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur“. Þar sem Geldinganes er skilgreint sem útivistarsvæði er mikilvægt að mati stofnunarinnar að tekið sé tillit til náttúruminja á svæðinu.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun lýsinguna skýra og að þar komi það fram sem mikilvægt er og varðar áætlun um nýtt kirkjugarðasvæði.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri